

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð 72
 Jóns prófasts Halldórssonar á Sauðanesi til minningar um eiginkonur^{2. nóvbr.}
 hans þrjár (O R S sjóð), útgefin á venjulegan hátt að mandatum af
 dóms- og kirkjumálaráðherra 3. nóvember 1927. Skipulagsskráin er
 þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Gjafasjóð Jóns prófasts Halldórssonar á Sauðanesi til minningar um
 eiginkonur hans þrjár (O R S sjóð).**

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með erfðaskrá Jóns prófasts Halldórssonar á Sauðanesi, dagsettri 22. júní 1920, til minningar um eiginkonur hans þrjár, Oktavíu Grönvold, f. 20. jan. 1861, d. 31. jan. 1886, Ragnheiði Daníelsdóttur, f. 6. apríl 1859, d. 26. mars 1894, og Soffíu Daníelsdóttur, f. 2. mars 1858, d. 23. febr. 1907, og skal sjóðurinn heita Gjafasjóður Jóns prófasts Halldórssonar á Sauðanesi til minningar um eiginkonur hans þrjár (O R S sjóður).

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 3000 kr. í peningum samkvæmt skiftagjörningi í dánarbúi gefandans 27. mars 1926.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggum stað undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, og skal hálfum vöxtum árlega varið til styrktar fátækum sjúklingi úr Sauðanessókn, er leitar sjer heilsubótar á sjúkaskýlinu á Þórshöfn, eða til að útvega skýlinu eitthvað það, sem það helst vanhagar um.

4. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða og við hann leggist árlega helmingur vaxta uns hann er orðinn tíu þúsund krónur. Eftir það má verja öllum vöxtunum í sama eða svipuðu augnamiði og fyr segir, en þó sje þá annaðhvort ár lagður að minsta kosti fjórði hluti vaxtanna við höfuðstól.

5. gr.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, sóknarpresturinn í Sauðanessókn og hjeradslæknirinn á Þórshöfn veita sjóðnum forstöðu, úthluta styrk

72 úr honum samkvæmt tilgangi hans og birta árlega ársreikning hans á 3. nóvbr. þann hátt, er þeir koma sjer saman um. Þeir leita samþykkis ráðuneytisins um ávöxtunarstaðinn og senda ráðuneytinu árlega skýrslu um sjóðinn.

73
5. nóvbr.

SAMÞYKT

um

leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

1. gr.

Þegar einhver óskar að fá leigða lóð, sem er eign bæjarsjóðs, til að byggja á henni íbúðarhús, skal lóðin — ef bæjarstjórnin vill leigja hana — látin á leigu með þeim kjörum, sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Lóðin skal látin á leigu til 75 ára og sje leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurjett sinn, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á lóðinni verða gjörð. Rjettur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefir undirgengist gagnvart lóðareiganda með leigusamningnum.

Ef hentugt þykir að leigja einstakar lóðir til styttri tíma en 75 ára, til þess að leigutími allra lóða í sömu lóðabyrpingu endi á sama ári, getur bæjarstjórnin ákveðið styttri leigutíma en 75 ár fyrir slíkar lóðir.

Leigutaki skal hafa byrjað á byggingu íbúðarhúss á leigulóðinni eigi síðar en 6 mánuðum eftir dagsetningu leigusamnings, og hafa húsið fullgert og íbúðarhæft eigi síðar en 2 árum eftir dagsetningu leigusamnings, ella fellur samningurinn úr gildi.

3. gr.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða lögð verða á hina leigðu lóð.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

4. gr.

Ársleiga af lóðinni skal vera 5% — fimm af hundraði — af fasteignamati lóðarinnar, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, og